



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SCANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Lísa María Kristjánsdóttir

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins

Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Í lok skólaársins 2017-2018 hlaut undirrituð styrk til skólaheimsóknar í grunnskóla í Skandinavíu á skólaárinu 2018-2019. Allt að 12 kennurum á höfuðborgarsvæðinu var veittur þessi styrkur til að heimsækja einn skóla í Skandinavíu í tvær vikur. Ég heimsótti skóla í Danmörku, Sydskolen (Asnæs) og var þar frá 3. október til 12. október 2018. Markmið ferðar var að kynna daglegu grunnskólastarfi með áherslu á kennslu og bekkjarstarf með blönduðum námshópum með tilliti til tungumálagetu, m.a. tvítyngdum nemendum. Ég fékk það tækifæri að fylgjast með tveimur árgöngum í Sydskolen (<http://sydskolen.odsherred.dk/content/skole-asn%C3%A6s>) sem samsvara 3. og 5. bekk hér á Íslandi. Ég fylgdist með öllum árganginum í 5. bekk (38 nemendur) sem skiptist í tvo bekkjarhópa og einum bekk (18 nemendur) í 3. bekk. Þrír kennarar árganganna voru mér til halds og trausts ásamt deildarstjóra skólans. Hér fyrir neðan má sjá stundatöflu mína á meðan heimsókn minni stóð, sem var útfærð af deildarstjóra skólans:

Skema for <u>Lisa María</u> (Island) fra d. 3/10-12/10					
	MANDAG	TIRSDAG	ONSDAG	TORS DAG	FREDAG
1	4.a uuv MAM	4.a dan MAM	4.a dan MAM	4.b <u>kri</u> LH	4.b his LH
2	4.a dan MAM	4.a dan MAM	4.a dan MAM	4.b uuv LH	4.b his LH
3	4.a bil LH	2.a mat RIH	4.b mat LH		4.b mat LH
4	4.a bil LH	2.a mat RIH	4.b mat LH		4.b <u>stk</u> LH
5	4.a <u>kri</u> LH	2.a n/t RIH	2.a mat RIH	4.a eng MAM	4.b h/d LH
6	1.b bil RIH	2.a n/t RIH		4.a dan MAM	4.b h/d LH
7	1.b <u>stk</u> RIH	2.a <u>stk</u> RIH	2.a <u>stk</u> RIH	4.a uuv MAM	4.b h/d LH
8				4.a <u>stk</u> MAM	

Hinn mikli fjöldi kennslustunda kom að góðum notum til að gefa mér betri innsýn á þeirra grunnskólastarf, sem og á fyrirkomulag kennslu fyrir nemendur skólans með dönsku sem annað tungumál.

Eftir sex daga heimsókn í Sydskolen (Asnæs) fór ég í dagsheimsókn til Nordskolen (Højby) þar sem deildarstjóri Sydskolen ásamt nokkrum kennurum skólans mæltu með því, þar sem þar er sérstök móttökudeild fyrir nemendur með dönsku sem annað tungumál. Verkefnisstjóri Nordskolen í dönsku, sem öðru tungumáli, tók þar vel á móti mér og veitti mér gagnlegar upplýsingar um hvað hefur nýst þeim vel í fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi. Hin tveggja vikna skólaheimsókn mín endaði svo í Sydskolen þar sem ég þakkaði vel fyrir mig með orðum og gjöfum.

Ferðatilhögun og framkvæmd

1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Fyrir hönd Samstarfshóps SSH um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu, sendi Dröfn Rafnsdóttir mér tölvupóst þann 28. júní 2018 með jákvæðu svari við umsókn minni um styrk til skólaheimsóknar og þar með hófst undirbúningur ferðar. Fyrsta skrefið eftir hið jákvæða svar, var að hitta skipuleggjendur og aðra styrkþega á fundi þann 15. ágúst 2018 í Háaleitisskóla, Hvassaleiti þar sem lagður var grunnur að undirbúningi að skólaheimsóknunum og gengið frá samningum. Þann sama dag var stofnaður facebook-hópur undir nafninu „Námsferð SSH haustið 2018“, sem þátttakendur og skipuleggjendur voru hvattir til að skrá sig í og yrði vettvangur til að skiptast á skoðunum og hjálpast að.

Eftir fundinn hóf ég fljótlega leit að grunnskóla í Danmörku á norðvestur Sjálandi þar sem mig langaði helst að vera vegna fjölskyldutengsla á því svæði sem og vegna staðarþekkingar minnar þar. Ég hafði samband við fimm grunnskóla í gegnum tölvupósta, sem ég hafði leitað mér upplýsinga um á netinu og fékk jákvætt svar um leið frá Sydszkolen (Asnæs). Hinir skólarnir svöruðu mér því miður ekki en ég hafði bundið miklar vonir við að heimsækja ákveðinn skóla vegna mikillar reynslu hans af móttöku erlendra nemenda. Ég svaraði auðvitað Sydszkolen fljótt og þakkaði þeim fyrir skjót og ánægjuleg svör og staðfesti þar um leið komu mína. Í sameiningu fundum við svo hentugan heimsóknartíma, 3. – 12. október 2018. Í lok ágúst 2018 sendi Sydszkolen mér yfirlit yfir skipulag skólaheimsóknar minnar (sjá stundatöflu í inngangi), sem ég framsendi ásamt staðfestingu á heimsókn minni á Dröfn Rafnsdóttur til að fá grænt ljós frá skipuleggjendum. Þegar samþykki frá skipuleggjendum var komið þantaði ég flugmiða til Danmerkur og þar með hófst niðurtalning fyrir ferð. Á meðan á niðurtalningu stóð, hafði Sydszkolen samband við mig til að athuga hvort ég hefði tók á í heimsókn minni að segja nemendum skólans frá Íslandi sem og til að upplýsa mig um hvar og hvaða starfsmaður myndi taka á móti mér á komudegi. Ósk um Íslands kynningu var auðsótt mál og undirbjó ég glærुकynningu á dönsku fyrir mismunandi aldurstig. Fyrir ferð var ég einnig búin að lesa mér til um á heimasíðu danska menntamálaráðuneytisins um fjölmennningarlegt skólastarf (<https://www.emu.dk/omraade/gsk-l%C3%A6rer/ffm/dansk-som-andetsprog-supplerende>). Ég kynnti mér betur stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf og handbók sem snýr að heildrænum stuðningi við nemendur í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Sveitarfélagsins Garðs. Mér fannst skipta máli að vera vel lesin um efnið, sem sneri að heimsókninni til að geta spurt fleiri spurninga og vera tilbúin að geta svarað spurningum um okkar stefnumál, er varðar kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

2. Heimsóknarskóli/-ar

Syðskolen (Asnæs):

Syðskolen er staðsettur í bænum Asnæs í Odsherred, sem er sveitarfélag í Sjálandshéraði í Danmörku. Grunnskólar sveitarfélagsins skiptast í Syðskolen og Nordskolen. Það var árið 2013 sem stjórnáráðgjafi sveitarfélagsins ákvað að sameina skólana af fjárhagslegum og faglegum grunni. Tveir skólustjórar hafa stýrt þessum grunnskólum síðan þá en vegna mikillar óánægju með þetta fyrirkomulag, lítur út fyrir að næsta skólaár verði með breyttu sniði. Í Syðskolen, sem skiptist í fjóra grunnskóla, eru um 1350 nemendur en þegar litið er til Syðskolen, Asnæs sem ég heimsótti eru þar um 400 nemendur á aldrinum 5-16 ára. Fjöldi nemenda í hverjum bekk er að jafnaði 18 – 22, en getur í einstökum tilfellum verið minni eða meiri. Þeir nemendur skólans sem hafa dönsku sem annað tungumál eða eru innflytjendur eru um 10% af heildarfjölda nemenda.

Í skólanum var virkt málver til nokkurra ára en það var lagt niður á seinasta skólaári vegna niðurskurðar. Ég tel það afar mikilvægt fyrir nemendur af erlendum uppruna að einhver ákveðinn aðili innan þeirra skóla með sérþekkingu hafi umsjón með kennslu markmálsins. Þeir nemendur þurfa að geta leitað til þessa aðila með ýmis mál sem varða skólagönguna, veruna og líðan í landinu. Á hinn bóginn er einnig gott fyrir þá nemendur að fá tækifæri til að vera með jafnöldrum til að draga úr einangrun sem gæti átt sér stað. Í málveri skólans er þó enn að finna hagnýtt námsefni fyrir nemendur með dönsku sem annað mál og geta því kennarar skólans m.a. leitað þangað til að finna efni við hæfi nemenda. Mér fannst aðdáunarvert að sjá hve mikið framboð var á námsefni til kennslu í dönsku sem öðru tungumáli. Í öllum skólanum er nú lögð áhersla á að kenna markmálið í gegnum námsgreinar, vinna með lykilhugtök og hjálpa nemendum að byggja upp orðaforða og þekkingu í námsgreinum á markmálinu. Kennararnir í skólanum fara ýmsar leiðir og má þar nefna myndræna framsetningu, hugtakakort og aðlagað námsefni.

Nemendur sem hyggjast hefja nám við Syðskolen eða Nordskolen og hafa dönsku sem annað tungumál eða eru innflytjendur, hefja gjarnan fyrst skólagöngu sína í Nordskolen (Højby) þar sem er sérstök móttökudeild og eru þar til að þeir hafa náð ákveðinni færni í dönsku. Í Syðskolen (Asnæs) er ekki boðið upp á kennslu í móðurmáli nemenda en nemendur og foreldrar þeirra eru einnig hvattir til að viðhalda móðurmálinu. Skólinn á einhverjar bækur á móðurmáli nemenda.

Syðskolen leggur áherslu á að vera frábær staður til að læra og góður staður að vera á. Velferð, gleði og fjölbreytni er grundvöllur námsumhverfisins, þar sem skólinn vinnur að því að tryggja að einstaklingurinn, barnið, fái fræðilegan ávinning og víðtækan, félagslegan og menningarlegan skilning. Nám og vellíðan er markmið skólans. Í skólanum einkennist námsumhverfið og samveran af gagnkvæmri virðingu og samráði milli virkra og áhugasamra nemenda, foreldra og kennara. Mikilvægasta verkefni skólans er að mennta félagslega hæf og námslega hæf börn og gera þau ábyrg á sjálfum sér og öðrum.

Nordskolen (Højby):

Í Nordskolen eru um 460 nemendur á aldrinum 5-16 ára. Það er ætlun skólans að skapa gott og öruggt kennsluumhverfi fyrir nemendur í daglegu lífi og skapa góðan grundvöll fyrir upplýsingar til foreldra. Kennslan einkennist af mismunandi kennsluaðferðum í bekkjum, hópum, paravinnu og einstaklingsmiðaðri kennslu. Í Højby vinna nemendur, leiðbeinendur og kennarar dagsdaglega þétt saman. Þau vinna einkum út frá þremur kenningum:

- Öll börn skulu ná árangri í eigin lífi miðað við eigin forsendur.
- Öll börn eru börn allra.
- Fræðsla til nemenda er á ábyrgð skólans.

Það eru tvö aðalmarkmið sem farið er eftir í kennslu hjá móttökudeild skólans:

- Að nemendur nái grunnþekkingu í dönsku hvað varðar lestur, skrift, hlustun og tal.
- Að styrkja félagslega hæfni nemenda til þess að þeir geti öðlast góð félagsleg tengsl í danska skólakerfinu.

Móttökudeildin/skólinn býður einnig upp á námsferðir/skemmtiferðir til að veita nemendum reynslu og innsýn í (nýja) landið sem þeir búa í. Móttökudeildin/skólinn reynir að vera í eins nánu sambandi við heimili nemenda og mögulegt er t.d. í gegnum samtöl, foreldrafundi og samvinnu varðandi skipti yfir í almennan grunnskóla. Í móttökudeild skólans eru fjórir starfsmenn, allir kennaramenntaðir og með kjörsvið sem snýr að fjölmenningu eða tungumálakennslu. Á skólaárinu 2018-2019 eru nemendur móttökudeildarinnar 15 talsins og er þeim nú skipt í tvo hópa, yngra stig (1. – 5. bekkur) og eldra stig (6. – 10. bekkur). Fyrir tveimur til þremur árum síðan voru nemendur móttökudeildar um 100 talsins og var þá hópnum skipt í fjóra hópa. Hinn mikla fjölda má rekja til móttöku flóttafólks í sveitarfélaginu. Þjóðerni nemenda, sem hafa verið við skólann eru m.a. eftirfarandi: Írak, Síryland, Afganistan, Búrma, Kongó, Tyrkland, Íran, Rúmenía og Filippseyjar. Samkvæmt verkefnisstjóra móttökudeildarinnar hefur verið mikil ánægja með deildina af hálfu sjálfra nemendanna, forráðamanna þeirra og starfsfólks skóla.

3. Lærdómur minn

Ferðin sannaði fyrir mér hve mikils virði það er að fara reglulega í skólaheimsóknir, utan- og innanlands til að kynnst því af eigin raun sem þar er að gerast. Ferðin gaf mér sýn inn í daglegt skólastarf í Danmörku. Ég kynntist viðhorfum og væntingum skólasamfélaganna tveggja (Sydskolen og Nordskolen) ásamt nálgun þeirra að kennslu og námi sem ég gæti nýtt mér í mínum störfum. Í Sydskolen (Asnæs) og Nordskolen (Højby) var margt nýlegt og hagnýtt námsefni í boði fyrir nemendur með dönsku sem annað tungumál. Skólarnir áttu einnig ýmsar kennslubækur á móðurmáli nemenda sem mikilvægt er að hafa því þannig er hægt að byggja upp orðaforða nemanda á báðum tungumálunum. Eftirtektarvert var hin mikla myndræna tenging við texta og námsefni sem vert er að nýta til að byggja upp orðaforða og hjálpa nemendum að skilja það sem þeir vinna að.

Í báðum skólunum er að finna móttökudeild eða málver, annað virkt og hitt ekki vegna niðurskurðar á fjármagni skólans. Ég tel að móttökudeild eða málver í skólum séu afar mikilvæg en með því að vera í minni hópi og með kennara í dönsku sem öðru máli gefst kostur á að kanna stöðu nemandans, vinna með þætti eins og máhljóða- og framburðapjálfun og skapa nemandanum meira öryggi. Eins og fram hefur komið eru aðeins tveir skólastjórnendur sem stýra öllum skólunum í Odsherreds kommune sem skiptast í Sydskolen og Nordskolen. Þetta stjórnarfyrikomulag hefur verið við lýði frá 2013 en hefur sætt mikilli gagnrýni og má búast við breytingum fyrir næsta skólaár þar sem vonast er eftir að skólarnir fái meira sjálfstæði og hafi hvor sinn skólastjórnanda. Á meðan dvöl minni stóð komu m.a. upp atvik þar sem mikilvægt hefði verið að hafa skólastjóra til taks þar sem hann á að hafa frumkvæði og bera ábyrgð á að leita lausna í ágreiningsmálum. Í skólunum eru deildarstjórar sem eru staðgenglar skólastjórnanda en þeir voru ekki sýnilegir. Það er vert að hafa skólastjórnanda til staðar þar sem hann á t.d. að veita faglega forustu, stuðla að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins og hann ber ábyrgð á að kennarar byggi starfshætti sína á stöðu og framförum nemenda.

Fyrir starf mitt sem grunnskólakennari/deildarstjóri/náms- og starfsráðgjafi gaf ferðin mér enn meiri staðfestingu á mikilvægi tungumálakennslu. Erlend tungumál sem við lærum gefa okkur t.a.m. víðari sýn og skapa færni til að eiga samskipti við önnur menningarsvæði en okkar eigin. Ég kynntist fjölbreyttum kennsluáferðum í tungumálanámi og eignaðist nýja erlenda vini, aldna sem unga.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Það sem mér finnst sérstaklega vert að miðla til annarra þegar litið er til skólaheimsókna minna er mikilvægi móttökudeildar eða málvers í grunnskólum, sem stýrt er af starfsmanni/starfsmönnum með sérfræðimiðaða starfsmenntun í kennslu í erlendum tungumálum eða fjölmenningu svo dæmi séu tekin.

Hið mikla úrval á sértæku námsefni fyrir kennslu nemenda í dönsku sem öðru tungumáli er jákvætt og að sama skapi er einnig áhugavert að sjá hve margar kennslubækur eru til á móðurmáli nemendanna. Danska menntamálaráðuneytið er einnig með ýmsar gagnlegar ábendingar varðandi kennslu í dönsku sem annað tungumál og að auki hafa danskir skólar mikið aðgengilegt námsefni af því tagi í rafrænu umhverfi fyrir byrjendur og lengra komna. Sumt af hinu rafræna efni er þess eðlis að það er búið að deila verkefnum/efninu niður á kennsluvikur og fylgja góðar kennsluleiðbeiningar með.

Nemendur með annað móðurmál en dönsku í Nordskolen (Højby) fá í upphafi námsins einstaklingsáætlun sem byggir á stöðumati frá danska menntamálaráðuneytinu. Stöðumat fer fram á þriggja mánaða fresti í skólanum, sem segir til um hvort nemandinn sé tilbúinn að fara í sinn hverfisskóla eða hvort hann þurfi að ná betri tókum á tungumálinu, hvort sem litið er til lesturs, hlustunar, talmáls eða ritunar. Stöðumatið er einnig sent til skólastjórnenda hverfisskólanna til að þeir hafi einnig yfirsýnina og viti hvenær von er á nemendunum. Móttökudeild Nordskolen (Højby) er í góðu samstarfi við hverfisskóla og eins við forráðamenn nemenda. Þegar nemendur útskrifast úr móttökudeild skólans er haldin veisla og þeir fá afhent viðurkenningarskjal. Þegar í hverfisskólana er svo komið ættu nemendurnir að fá allavega tvo tíma á viku í dönsku samkvæmt danska menntamálaráðuneytinu.

Nordskolen (Højby) styðst mikið við leiklist og tónlist í kennslu í dönsku sem öðru máli og tel ég það góða leið til að nemendur efla sjálfsmynd sína og fái tækifæri til að skapa, túlka, auka orðaforða og tjá eigin hugsanir. Í Odsherred, sveitarfélagi skólanna, býðst nemendum móttökudeilda að stunda tómsundur þeim að kostnaðarlausu í þrjú ár. Sú fjárhagsaðstoð léttir undir framfærslu einstaklinga og fjölskyldna en ávinningur tómsundastarfsins sjálfs getur á móti birst í auknum lífsgæðum og styrkingu sjálfsmyndar.

Lokaorð

Með því að upplifa, skoða, prófa og ekki síst að ræða málin við fólk sem starfar á sama vettvangi og maður sjálfur, hlýst í mörgum tilfellum gott veganesti fyrir áframhaldandi vinnu og þroska. Góðar og gagnlegar umræður áttu sér stað í skólaheimsóknum mínum. Kennarar og annað starfsfólk skólanna miðluðu til mín hugmyndum og upplýstu mig um það sem hefur reynst vel hjá þeim og bentu mér á það sem betur mætti fara. Einnig var lærdómsríkt að heyra sjónarmið nemenda og sjá hvernig námsefni þeirra er nýtt í kennslu.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Staður: Reykjavík

Dags.: 1. febrúar 2019

Lísa María Kristjánsdóttir

Deildarstjóri Norðlingaskóla

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.